



853. fundur stjórnar GSÍ, 18. september 2014, kl.18:00 í golfskála GR, Grafarholti.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Skipan í aganefnd GSÍ

Aðalmenn í aganefnd viku allir sæti vegna vanhæfis í tengslum við kæru sem borist hefur nefndinni. Af þeim sökum tóku varamenn sæti í nefndinni í samræmi við 5. gr. reglugerðar um aganefnd sambandsins. Varamenn eru þau Guðmundína Ragnarsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson og Eggert Eggertsson.

Lagt var fram erindi frá varamönnum í aganefnd þar sem fram kemur að einn varamannanna, Bergsteinn Hjörleifsson, óskar eftir að vera leystur frá störfum þar sem hann telur vafa geta leikið á um hæfi hans til setu í nefndinni við úrlausn fyrirliggjandi kærumáls. Af þessu tilefni ber stjórn golfsambandsins, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar, að skipa sérstaklega nýjan aðila í nefndina við úrlausn þessa tiltekna kærumáls.

Stjórn GSÍ samþykkir að skipa Þorvald Jóhannesson Nesklúbbnum til að taka sæti í aganefnd í stað Bergsteins Hjörleifssonar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:15.